

STARFSKJARASTEFNA**ACRO VERÐBRÉF HF.**

Starfskjarastefna ACRO verðbréfa hf. (hér eftir „félagið“), samþykkt á aðalfundi ársins 2020 sem haldinn var 24. mars 2020.

1. Markmið

Starfskjarastefnunni er ætlað að laða að og halda í dugmikla og metnaðarfulla starfsmenn á samkeppnismarkaði og gera þeim kleift að vaxa í starfi. Stefnan endurspeglar markmið félagsins um góða stjórnarhætti sem og um sjálfbæra langtímaverðmætasköpun fyrir hluthafa.

Starfskjarastefnan nær til allra starfsmanna félagsins og stjórnar þess.

2. Stjórn

Stjórnarmenn skulu þiggja fasta mánaðarlega þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar félagsins. Varastjórnarmenn skulu þiggja fasta upphæð fyrir hvern stjórnarfund sem þeir sitja.

Stjórnin skal leggja fram tillögu um þóknunina fyrir komandi starfsár þar sem tekið er tillit umfangs ábyrgðar, vinnumagns og árangurs félagsins.

3. Framkvæmdastjóri

Skriflegur ráðningarsamningur skal gerður milli félagsins og framkvæmdastjóra þar sem kveðið skal á um helstu skyldur hans og ábyrgð. Grunnlaun hans og önnur launakjör skulu taka mið af menntun hans og starfsreynslu og vera samkeppnishæf. Önnur ákvæði um kjör hans, svo sem lífeyrissjóðsiðgjöld, orlof og önnur hlunnindi, sem og uppsagnarfrest, skulu koma fram í ráðningarsamningnum.

Endurskoða skal grunnlaun framkvæmdastjóra árlega og skal þar metin frammistaða framkvæmdastjóra, þróun launa í svipuðum stöðum í sambærilegum fyrirtækjum og almennur árangur og rekstur félagsins.

Í ráðningarsamningi skulu koma fram og kveðið á um allar greiðslur sem framkvæmdastjóra ber við uppsögn samningsins. Við sérstakar aðstæður, og ef það samræmist lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, er heimilt að útbúa sérstakan starfslokasamning.

4. Forstöðumenn og aðrir lykilstarfsmenn

Framkvæmdastjóri ræður forstöðumenn og aðra lykilstarfsmenn félagsins í samráði við stjórn félagsins.

Skilmálar ráðningarsamninga þeirra skulu taka mið af sömu þáttum og viðmiðum og um getur í 3. gr., eftir því sem við á.

5. Aðrir starfsmenn

Forstöðumenn og aðrir lykilstarfsmenn skulu, þegar við á, hafa ofangreint í huga þegar þeir taka ákvörðun um starfskjör annarra starfsmanna.

6. Kaupaukar

Félagið hefur ekki sett á fót kaupaukakerfi í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja nr. 388/2016.

7. Upplýsingagjöf

Upplýsingar um heildarumbun stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna félagsins skulu birtar á aðalfundi þess ár hvert. Þetta á einnig við um hverskyns frestaðar greiðslur og óreglulega samninga á næstliðnu fjárhagsári.

8. Samþykkt starfskjarastefnunnar

Starfskjarastefnan skal kynnt hluthöfum á aðalfundi til samþykktar. Aðalfundur skal endurskoða og samþykkja starfskjarastefnuna árlega.

Starfskjarastefnan skal vera stjórn til leiðbeiningar. Hverskyns frávik frá stefnunni skulu skráð og rökstudd í fundargerðum stjórnar. Stjórn félagsins skal upplýsa aðalfund um slík frávik.